

Vestmannaeyjaferjan  
Herjólfur ohf.

Ársreikningur 2021

Vestmannaeyjaferjan  
Herjólfur ohf.  
Básaskersbryggju  
900 Vestmannaeyjum

kt. 420718-1280

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er rekstur ferjusiglinga á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins á árinu 261,6 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 385,1 millj kr. í árslok og nam eigið fé 256,6millj. kr.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 51 (2020: 58). Karlar eru 61% starfsmanna félagsins í árslok en konur 39%. Í stjórn félagsins eru tvær konur og þrjú karlar og uppfyllir félagið því ákvæði laga um hlutfélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.

Hlutfé félagsins í árslok nam 150,0 millj. kr. eins og í ársbyrjun. Hlutfé er allt í eigu Vestmannaeyjabæjar.

Covid -19 heimsfaraldurinn sem geislað hefur í tvö ár hefur haft áhrif á mörgum sviðum þar með talin efnahagsleg. Vonir standa nú til að faraldrinum sé að ljúka.

Áhrif faraldursins á rekstur Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. hafa verið umtalsverðar en félagið hefur brugðist við með ýmis hagræðingaraðgerðum, auk þess sem nýr samningur við Íslenska ríkið um rekstur ferjunnar hefur tryggt rekstrargrundvöll félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur út arður til hluthafa á árinu 2022 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Stjórn og framkvæmdastjóri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.


Vestmannaeyjum, 5. maí 2022.

Í stjórn félagsins:




Bjarna Víðis Þórsdóttir

  
Jóna Jónsdóttir

  
Agneta Ólafsdóttir



Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi síðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Vestmannaeyjum, 5. maí 2022.

**KPMG ehf.**



Magnús Jónsson  
Helga Níelsey

# Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag Ríkissjóðs samningsbundnar tekjur .....		815.758.500	659.000.000
Framlag Ríkissjóðs Covid styrkur .....		0	246.000.000
Seld þjónusta .....		811.539.117	470.125.443
Seldar veitingar .....		75.988.953	40.177.041
Aðrar tekjur .....		250.000	2.723.351
		<u>1.703.536.570</u>	<u>1.418.025.835</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		39.006.932	22.055.512
Laun og launatengd gjöld .....	3	698.947.929	793.543.846
Rekstur skips, áhalda og tækja .....		527.667.305	572.784.788
Húsnæðiskostnaður .....		33.370.213	32.991.757
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....		103.419.228	96.180.922
Afskriftir .....	5	13.211.378	13.808.018
		<u>1.415.622.985</u>	<u>1.531.364.843</u>
Rekstrarhagnaður (tap) .....		<u>287.913.585</u>	<u>( 113.339.008)</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		505.503	490.423
Vaxtagjöld .....	(	93.100)	( 191.585)
Gengismunur .....	(	4.235)	2.216
		<u>408.168</u>	<u>301.054</u>
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....		288.321.753	( 113.037.954)
Tekjuskattur .....	4	( 26.760.445)	0
<b>Hagnaður (tap) ársins</b> .....	10	<u>261.561.308</u>	<u>( 113.037.954)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Eignir</b>			
Óefnislegar eignir .....	6	10.062.248	14.349.584
Rekstrarfjármunir .....	7	11.887.492	23.048.936
Skatteign .....	9	1.563.096	0
Fastafjármunir		<u>23.512.836</u>	<u>37.398.520</u>
Viðskiptakröfur .....		25.143.809	13.355.374
Aðrar skammtímakröfur .....		1.282.174	1.788.398
Handbært fé .....		335.121.137	95.575.438
Veltufjármunir		<u>361.547.120</u>	<u>110.719.210</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>385.059.956</u></u>	<u><u>148.117.730</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		150.000.000	150.000.000
Óráðstafað (ójafnað) eigið fé .....		106.550.675	( 155.010.633)
Eigið fé	10	<u>256.550.675</u>	<u>( 5.010.633)</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		56.210.654	47.813.683
Skuldir við tengda aðila .....	11	3.323.350	3.202.862
Skattar ársins .....	9	28.323.541	0
Fyrirframinnheimtar tekjur .....		5.573.523	5.830.776
Aðrar skammtímaskuldir .....		35.078.213	96.281.042
Skammtímaskuldir		<u>128.509.281</u>	<u>153.128.363</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>385.059.956</u></u>	<u><u>148.117.730</u></u>

# Sjóðstreymisýfirlit ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður (tap) ársins .....	10	261.561.308	( 113.037.954)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap rekstrarfjármuna .....		437.402	0
Afskriftir .....	5	13.211.378	13.808.018
Tekjuskattur .....	9	( 1.563.096)	0
Veltufé til (frá) rekstri		<u>273.646.992</u>	<u>( 99.229.936)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		( 11.282.211)	99.401.730
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 24.361.829)	34.208.443
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting .....		( 257.253)	( 519.854)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>( 35.901.293)</u>	<u>133.090.319</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>237.745.699</u>	<u>33.860.383</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		0	( 20.977.423)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		<u>1.800.000</u>	<u>0</u>
Fjárfestingahreyfingar		<u>1.800.000</u>	<u>( 20.977.423)</u>
<b>Hækkun á handbæru fé</b> .....		<u>239.545.699</u>	<u>12.882.960</u>
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>95.575.438</u>	<u>82.692.478</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u><u>335.121.137</u></u>	<u><u>95.575.438</u></u>



# Skýringar

## 1. Félagið

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf. ("Félagið") er íslenskt opinbert hlutfélag og er lögheimili þess að Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum. Félagið er dótturfélag Vestmannaeyjabæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi sveitarfélagsins. Starfsemi félagsins felst í ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar/Þorlákshafnar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum og byggir hann á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi. Framlög frá Ríkissjóði eru færðar í samræmi við gildandi samning.

### d. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn óefnislegar eignir er færður kostnaður vegna kaupa á bókunarkerfi, hugbúnaðarleyfum og öðrum óefnislegum eignum sem gjaldfærðar eru á fimm árum.

### e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Afskriftir reiknast af fastafjármunum þegar þeir hafa verið teknir í notkun. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Innréttingar og skrifstofubúnaður .....	3 - 5 ár
Áhöld og tæki .....	5 ár

### f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### g. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af seldum ónotuðum farmiðum vegna ferða sem ekki hafa verið farnar.

### h. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 1,2 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### i. Skatteign

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

## Skýringar frh.:

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2021	2020
Laun .....	573.727.114	655.557.774
Dagpeningar og bifreiðastyrkir .....	2.226.200	4.559.504
Lífeyrissjóðsframlög .....	77.398.914	86.849.057
Önnur launatengd gjöld .....	48.258.492	55.787.868
Samtals laun og launatengd gjöld .....	701.610.720	802.754.203
Hlutdeild Vegagerðarinnar í launum og launatengdum gjöldum .....	( 2.662.791)	( 7.506.915)
Laun í sóttkví, endurgreiðsla frá Ríkissjóði .....	0	( 1.703.442)
Laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi samtals .....	698.947.929	793.543.846
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	56	60
Fjöldi stöðugilda í árslok .....	44	49
Meðal stöðugildi á árinu (ársverk) .....	51	58

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu 22,5 millj. kr. á árinu 2021 en þau námu 26,9 millj. kr. á árinu 2020.

### 4. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2021	2020
Reiknuð ófærð skatteign .....	30.995.047	8.391.036
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 28.323.541)	0
Breyting á skatteign .....	( 29.431.951)	22.604.011
Tekjuskattur færður út vegna óvissu um nýtingu .....	0	( 30.995.047)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	( 26.760.445)	0

Virkt skatthlutfall:

Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	288.321.753	( 113.037.954)
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall .....	20,0% 57.751.831	20,0% ( 22.607.591)
Ófrádráttarbær kostnaður .....	0,0% 3.660	0,0% 3.580
Niðurfærsla skatteignar .....	(10,8%) ( 30.995.047)	0,0% 0
Tekjuskattur færður út vegna óvissu um nýtingu .....	0,0% 0	20,0% 22.604.011
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	0,0% 26.760.445	0,0% 0

### 5. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2021	2020
Afskrift óefnislegra eigna .....	4.287.336	4.287.336
Afskrift rekstrarfjármuna .....	8.924.042	9.520.682
	13.211.378	13.808.018

## Skýringar frh.:

### 6. Óæfnislegar eignir

Óæfnislegar eignir greinast þannig:

Heildarverð 1.1.2020.....	21.436.677
Heildarverð 31.12.2020.....	21.436.677
Heildarverð 31.12.2021.....	21.436.677
Afskrifað 1.1.2020.....	2.799.757
Afskrifað á árinu .....	4.287.336
Afskrifað 31.12.2020.....	7.087.093
Afskrifað á árinu .....	4.287.336
Afskrifað 31.12.2021.....	11.374.429
Bókfært verð 1.1.2020.....	18.636.920
Bókfært verð 31.12.2020.....	14.349.584
Bókfært verð 31.12.2021.....	10.062.248
Afskriftarhlutföll .....	20%

### 7. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Innréttingar og búnaður	Áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2020.....	7.388.493	5.602.171	12.990.664
Fjárfestingar á árinu .....	20.977.423	0	20.977.423
Heildarverð 31.12.2020.....	28.365.916	5.602.171	33.968.087
Selt á árinu .....	0	( 2.983.202)	( 2.983.202)
Heildarverð 31.12.2021.....	28.365.916	2.618.969	30.984.885
Afskrifað 1.1.2020.....	872.628	525.842	1.398.470
Afskrifað á árinu .....	8.400.248	1.120.434	9.520.682
Afskrifað 31.12.2020.....	9.272.876	1.646.276	10.919.152
Afskrifað á árinu .....	8.400.248	523.794	8.924.042
Afskriftir færðar út .....	0	( 745.800)	( 745.800)
Afskrifað 31.12.2021.....	17.673.124	1.424.270	19.097.394
Bókfært verð 1.1.2020.....	6.515.865	5.076.330	11.592.195
Bókfært verð 31.12.2020.....	19.093.040	3.955.895	23.048.936
Bókfært verð 31.12.2021.....	10.692.792	1.194.699	11.887.492
Afskriftarhlutföll .....	20 - 33%	20%	

### 8. Vátryggingarverð

Vátryggingaverð búnaðar, áhalda og tækja nam 17,5 millj. kr. í árslok (2020: 17,5 millj. kr).

## Skýringar frh.:

### 9. Skatteign

Reiknuð skatteign félagsins greinist þannig:	2021	2020
Reiknuð skatteign í ársbyrjun .....	30.995.047	8.391.036
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 57.755.492)	22.604.011
Tekjuskattur til greiðslu .....	28.323.541	0
Reiknuð skatteign færð niður vegna óvissu um nýtingu .....	0	( 30.995.047)
Skatteign í árslok .....	<u>1.563.096</u>	<u>0</u>

Skatteign félagsins skiptist þannig á einstaka liði:

Rekstrarfjármunir .....	1.505.623	271.610
Viðskiptakröfur .....	57.056	339.800
Gengismunur .....	417	12.270
Yfirfæranlegt tap .....	0	30.371.367
Skatteign færð niður vegna óvissu um nýtingu .....	0	( 30.995.047)
Skatteign í árslok .....	<u>1.563.096</u>	<u>0</u>

### 10. Eigið fé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 150 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020 .....	150.000.000	( 41.972.679)	108.027.321
Tap ársins .....		( 113.037.954)	( 113.037.954)
Eigið fé 1.1.2021 .....	<u>150.000.000</u>	<u>( 155.010.633)</u>	<u>( 5.010.633)</u>
Hagnaður ársins .....		261.561.308	261.561.308
Eigið fé 31.12.2021 .....	<u>150.000.000</u>	<u>106.550.675</u>	<u>256.550.675</u>

## Skýringar frh.:

---

### 11. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

#### Viðskipti við tengda aðila

	2021	2020
<b>Seld þjónusta:</b>		
Hluthafi félagsins .....	910.396	523.995
Félög í eigu stjórnenda .....	288.262	383.850
	<u>1.198.658</u>	<u>907.845</u>
<b>Kaup á vöru og þjónustu:</b>		
Hluthafi félagsins .....	40.070.585	33.053.933
	<u>40.070.585</u>	<u>33.053.933</u>
<b>Staða:</b>		
Stöður á tengda aðila greinast þannig í árslok:		
<b>Kröfur</b>		
Kröfur á hluthafa .....	121.800	44.800
	<u>121.800</u>	<u>44.800</u>
<b>Skuldir</b>		
Skuld við hluthafa .....	3.323.350	3.202.862
	<u>3.323.350</u>	<u>3.202.862</u>

### 12. Önnur mál

Þann 8. febrúar 2021 undirrituðu Vestmannaeyjabær og Vegagerðin, fyrir hönd Íslenska ríkisins, nýjan þjónustusamning um ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar/Þorlákshafnar sem gildir til október 2023.

Í samningnum er kveðið á um markmið, lagaheimildir og forsendur samnings, ábyrgð aðila, þjónustu, upplýsingar, samskipti og eftirlit, fjármögnun, greiðslutilhögun, vanefndir og meðferð ágreiningsmála, gildistíma og uppgjör fyrri samnings. Fjögur fylgiskjöl eru við samninginn, m.a. um verð og ferðatíðni, leigusamninga, samningur um aðstöðu í Landeyjahöfn og þurrleigusamningur.

Með samningnum og þeim viðtæku hagræðingaraðgerðum sem stjórn Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. greip til á árinu 2021 varð verulegur viðsnúningur á rekstri félagsins, sem nú er í jafnvægi. Miðað við fyrirliggjandi spár um farþegafjölda þá verður ekki annað séð en jafnvægi verði út samningstímann.